

Dalvíkurbyggð
Helga Íris Ingólfssdóttir
Ráðhúsi Dalvíkur
620 Dalvík

Reykjavík, 13. september 2021
UST202108-231/A.Þ.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008 - 2020 - Hauganes

Vísað er til erindis skipulags- og tæknifulltrúa Dalvíkurbyggðar er barst 23. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008 - 2020 vegna breyttrar landnotkunar á Hauganesi.

Í greinargerð kemur fram að unnið er að deiliskipulagi fyrir þéttbýlið á Hauganesi og að breyta þurfi afmörkun og skilgreiningu landnotkunarreita þar sem m.a. hafnarsvæði er stækkað lítillega, opið svæði 754-O minnkað, skilgreindur er lítill reitur fyrir verslun og þjónustu og íbúðarsvæði 753-Íb er felld út en í staðinn skilgreindur afþreyingar- og ferðamannareitur 753-AF.

Vistgerðir

Umhverfisstofnun bendir á að á norðurhluta svæðis 753-AF er að finna vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi, þ.e. starungsmýravist og snarrótarvist, sem eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Stofnunin bendir á að í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar lóupræll, spói, þúfutittlingur, hrossagaukur, jaðrakan og stelkur nýti slíka vistgerð til varps en lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Nú þegar hefur vistgerðum með hátt verndargildi verið raskað á suðurhluta reitsins en stofnunin bendir á mikilvægi þess að litið sé til verndargildi vistgerða á svæðinu þegar ákvarðanir eru teknar um framkvæmdir.

Badstaður

Í greinargerð segir að á reit 753-AF er fyrirhugað tjaldsvæði, badstaður og badströnd. Umhverfisstofnun bendir á að um badstaði í náttúrunni gildir reglugerð nr. 460/2015.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur